

# **Hvanneyrarbúið ehf.**

## Ársreikningur 2016

Hvanneyrarbúið ehf.  
Ásgarði  
311 Borgarnes  
Kt. 511209-0800

## Efnisyfirlit

---

Skýrsla stjórnar.....	2
Áritun endurskoðanda.....	3-4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Yfirlit um sjóðstreymi.....	7
Skýringar og sundurliðanir.....	8-14

# Skýrsla stjórnar

---

## Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur Hvanneyrarbúsins ehf. er að reka á hagkvæman hátt kúabú í þágu kennslu og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí). Félagið á að skapa aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn Lbhí og samstarfsaðila þeirra til fræðslu og rannsókna sem tengjast nautgriparækt, jarðrækt, auðlindanýtingu og umhverfisvernd.

Félagið byggir rekstrargrundvöll sinn á tekjum af búrekstri (aðallega mjólkur- og kjötframleiðslu) og samstarfssamningi við Lbhí dagsettum 1. júlí 2015. Rekstur félagsins er óbreyttur í grundvallaratriðum frá árslokum 2015.

## Afkoman á árinu

Hagnaður af rekstri félagsins á árinu 2016 nam 4.757.089 krónum í samanburði við 536.949 krónum krónum árið áður. Eignir félagsins í árslok námu 56.565.251 krónum og námu skuldir félagsins 38.703.587 krónum. Eigið fé félagsins í árslok nam 17.861.664 krónum.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2016 en vísar að öðru leyti í ársreikningnum um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

## Eignarhald



Allt hlutfé félagsins er í eigu Landbúnaðarháskóla Íslands og helst óbreytt á árinu.

Það er álit stjórnar og bústjóra félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og bústjóri Hvanneyrarbúsins ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Hvanneyri, 23. ágúst 2017

Stjórn

  
Petur Ostriksson  


Bústjóri



## Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Hvanneyrarbúsins ehf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hvanneyrarbúsins ehf. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Hvanneyrarbúinu ehf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og bústjóra á ársreikningnum

Stjórn og bústjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og bústjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og bústjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Hvanneyrarbúsins ehf. Ef við á, skulu stjórn og bústjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákvörðun hafi verið tekin um að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

---

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Hvanneyri, 23. ágúst 2017

**BDO ehf.**

Sigrún Guðmundsdóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrartekjur</b>			
Seldar afurðir.....		73.106.708	76.262.054
Aðrar tekjur.....		8.712.230	9.153.062
Söluhagnaður.....		329.658	2.176.915
		<u>82.148.596</u>	<u>87.592.031</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Fóður og áburður.....		18.369.773	25.558.582
Bústofnsbreyting.....		157.000	2.572.000
Laun og launatengd gjöld.....	3	20.112.793	31.552.644
Annar framleiðslukostnaður.....		26.861.878	16.661.005
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		3.270.746	2.219.708
Afskriftir.....	4	6.039.159	6.364.958
		<u>74.811.349</u>	<u>84.928.897</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		7.337.247	2.663.134
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur.....		156.704	126.746
Vaxtagjöld og verðbætur.....		(2.736.862)	(2.252.931)
		<u>(2.580.158)</u>	<u>(2.126.185)</u>
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		4.757.089	536.949
Tekjuskattur.....	11	0	0
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>4.757.089</u>	<u>536.949</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
<b>Fastafjármunir</b>			
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
Ræktun.....	4	2.105.347	561.081
Vélar, áhöld og búnaður.....		24.665.907	24.200.972
		<u>26.771.254</u>	<u>24.762.053</u>
<b>Áhættufjármunir</b>			
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	5	1.253.476	1.053.512
		<u>1.253.476</u>	<u>1.053.512</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>28.024.730</u>	<u>25.815.565</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Bústofn.....	6	12.682.000	12.544.000
Viðskiptakröfur.....	7	6.513.183	6.590.863
Lán til tengdra aðila.....		1.642.634	13.648.966
Aðrar skammtímaskröfur.....	8	955.358	5.404
Handbært fé.....		6.747.346	460.820
		<u>28.540.521</u>	<u>33.250.053</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>56.565.251</u>	<u>59.065.618</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé.....	9	53.700.000	53.700.000
Ójafnað tap.....		(35.838.336)	(40.890.425)
		<u>17.861.664</u>	<u>12.809.575</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Langtímalán.....	10	19.486.361	18.359.901
Næsta árs afborgun langtímalána.....		(7.646.605)	(4.912.859)
		<u>11.839.756</u>	<u>13.447.042</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir.....	12	12.222.866	7.578.031
Næsta árs afborgun langtímalána .....	10	7.646.605	4.912.859
Lán frá tengdum aðilum.....	14	5.320.675	14.550.938
Aðrar skammtímaskuldir.....	13	1.673.685	5.767.173
		<u>26.863.831</u>	<u>32.809.001</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>38.703.587</u>	<u>46.256.043</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>56.565.251</u>	<u>59.065.618</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins.....		4.757.089	536.949
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Áfallnir vextir og verðbætur.....		(188.085)	(365.178)
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna.....		(329.658)	(2.176.915)
Afskriftir.....	4	6.039.159	6.364.958
		<u>10.278.505</u>	<u>4.359.814</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Bústofn.....		157.000	1.914.000
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.....		(872.274)	7.262.804
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....		551.347	(10.287.880)
		<u>(163.927)</u>	<u>(1.111.076)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>10.114.578</u>	<u>3.248.738</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir.....		1.202.419	14.385.901
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir.....		(8.921.121)	(22.994.415)
Keyptir eignarhlutir í öðrum félögum.....		0	(90.190)
Lán til tengdra aðila.....	14	12.006.332	(13.648.966)
		<u>4.287.630</u>	<u>(22.347.670)</u>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>			
Ný langtímalán.....		7.927.387	18.861.062
Afborganir langtímalána.....		(6.812.806)	(1.304.095)
Breyting á skammtímalánum.....		0	(4.291.341)
Skuld við tengda aðila.....		(9.230.263)	2.594.126
Innborgað hlutafé.....		0	3.700.000
		<u>(8.115.682)</u>	<u>19.559.752</u>
<b>Hækkun á handbæru fé</b>		6.286.526	460.820
Handbært fé í ársbyrjun.....		460.820	0
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>6.747.346</u>	<u>460.820</u>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Hvanneyrarbúið ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Tilgangur félagsins er að sjá um búrekstur á Hvanneyri samhliða vinnu við rannsóknir og kennslu í landbúnaði.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hvanneyrarbúsins ehf. fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala í rekstrarreikningi er sýnd að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtagjöld langtímalána og önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð á því tímabili sem þau falla til óháð greiðslu.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Tekjuskattsskuldbinding stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við áðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

# Skýringar

---

## 2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar fram að niðurlagsverði eigna sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði eða bókfærðu verði í ársbyrjun.

Ræktun .....	34 ár
Vélar, tæki og búnaður .....	5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð. Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar eru þannig að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Eignarhluti í öðrum félögum

Eignarhlutur í öðrum félögum er færður á kostnaðarverði.

### Bústofn

Bústofn er metinn í samræmi við skattmat á landbúnaðarskýrslu og er endurmat bústofnsins að hluta til fært í gegnum eigið fé.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að fráðregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## Skýringar

### 3. Laun og launatengd gjöld

	2016	2015
Laun.....	17.281.445	25.824.309
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	2.002.259	2.961.086
Önnur launatengd gjöld.....	829.089	2.767.249
	<u>20.112.793</u>	<u>31.552.644</u>
Meðalfjöldi starfa .....	2,3	4,0

### 4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Ræktun	Vélar, áhöld og búnaður	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða í ársbyrjun.....	660.096	45.034.698	45.694.794
Keypt á árinu.....	1.612.442	7.308.679	8.921.121
Selt á árinu.....		(2.901.609)	(2.901.609)
Staða í árslok.....	<u>2.272.538</u>	<u>49.441.768</u>	<u>51.714.306</u>
<b>Afskriftir</b>			
Staða í ársbyrjun.....	99.015	20.833.726	20.932.741
Selt á árinu.....		(2.028.848)	(2.028.848)
Afskrift ársins.....	68.176	5.970.983	6.039.159
Staða í árslok.....	<u>167.191</u>	<u>24.775.861</u>	<u>24.943.052</u>
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	561.081	24.200.972	24.762.053
Bókfært verð í árslok .....	<u>2.105.347</u>	<u>24.665.907</u>	<u>26.771.254</u>
Afskriftarhlutföll.....	3%	20%	

Í árslok 2016 nemur bókfært verð eigna sem keyptar hafa verið með fjármögnunarleigu 14,6 milljónum króna og eftirstöðvar leigugreiðslna námu um 10,5 milljónum króna í árslok.

### 5. Eignarhlutir í öðrum félögum

	31.12.2016	31.12.2015
Stofnsjóður Auðhumlu.....	942.749	747.737
Stofnsjóður SAH.....	170.537	165.585
Vélabær ehf. ....	50.000	50.000
Ístex hf.....	90.190	90.190
	<u>1.253.476</u>	<u>1.053.512</u>

### 6. Bústofn

	31.12.2016	31.12.2015
<b>Yfirlit um breytingu á bústofni</b>		
Bústofn 1.1.....	12.544.000	14.458.000
Endurmat bústofns (fært á eigið fé).....	295.000	658.000
Bústofnsbreyting færð til gjalda.....	(157.000)	(2.572.000)
Bústofn 31.12.....	<u>12.682.000</u>	<u>12.544.000</u>

### 7. Viðskiptakröfur

	31.12.2016	31.12.2015
Viðskiptakröfur.....	8.320.951	6.990.863
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna.....	(1.807.768)	(400.000)
	<u>6.513.183</u>	<u>6.590.863</u>

## Skýringar

8. Aðrar skammtímakröfur	31.12.2016	31.12.2015
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	344.797	0
Virðisaukaskattsinnæign .....	580.566	0
Fjármagnstekjuskattur.....	29.995	5.404
	<u>955.358</u>	<u>5.404</u>

## 9. Eigið fé

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 53.700.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

	Hlutafé	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun 2015.....	50.000.000	(42.085.374)	7.914.626
Nýtt hlutafé.....	3.700.000		3.700.000
Endurmat bústofns.....		658.000	
Afkoma ársins.....		536.949	536.949
Eigið fé í árslok 2015.....	53.700.000	(40.890.425)	12.809.575
Endurmat bústofns.....		295.000	295.000
Afkoma ársins.....		4.757.089	4.757.089
Eigið fé í árslok 2016.....	53.700.000	(35.838.336)	17.861.664

## 10. Langtímaskuldir

Skuldir í íslenskum krónum:

Fjármögnunarleiga.....	10.477.926
Lárus Pétursson, skuldabréf, óverðtryggt, vextir 2,8%.....	5.945.542
Arionbanki, verðtryggt, vextir 4,65%.....	3.062.893
	<u>19.486.361</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu árum:

Árið 2017.....	7.646.605
Árið 2018.....	5.267.149
Árið 2019.....	2.903.068
Árið 2020.....	1.594.903
Árið 2021.....	1.060.911
Afborganir síðar.....	1.013.725
	<u>19.486.361</u>

# Skýringar

## 11. Skattamál

Félagið greiðir ekki tekjuskatt á árinu 2016 vegna yfirfæranlegs skattalegs taps frá fyrri árum. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok greinist þannig:

	31.12.2016
Tap ársins 2009, nýtanlegt til ársins 2019.....	0
Tap ársins 2010, nýtanlegt til ársins 2020.....	2.371.510
Tap ársins 2011, nýtanlegt til ársins 2021.....	13.391.755
Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársins 2022.....	16.485.158
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársins 2023.....	7.405.276
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársins 2024.....	8.189.749
	<u>47.843.448</u>

Tekjuskattsinnæign félagsins í árslok hefur ekki verið færð í ársreikning vegna óvissu um nýtingu. Tekjuskattsinnæign félagsins í árslok greinist með eftirfarandi hætti:

	31.12.2016
Yfirfæranlegt tap - 20%.....	<u>9.568.690</u>
	<u>9.568.690</u>

## 12. Viðskiptaskuldir

	31.12.2016	31.12.2015
Viðskiptaskuldir.....	<u>12.222.866</u>	<u>7.578.031</u>
	<u>12.222.866</u>	<u>7.578.031</u>

## 13. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2016	31.12.2015
Ógreiddur virðisaukaskattur.....	0	680.368
Ógreidd laun.....	870.382	814.034
Ógreidd staðgreiðsla.....	375.919	384.274
Ógreiddur lífeyrissjóður.....	205.435	2.645.412
Ógreitt tryggingagjald.....	101.230	107.484
Ógreidd opinber gjöld.....	4.348	51.685
Ógreitt félagsgjöld.....	34.722	972.992
Ógreiddir áfallnir vextir.....	81.649	110.924
	<u>1.673.685</u>	<u>5.767.173</u>

## 14. Tengdir aðilar

Viðskipti á árinu og stöður við tengda aðila í árslok greinast þannig:

	Kostnaður	Tekjur	Eignir	Skuldir
Landbúnaðarháskóli Íslands, hluthafi.....	3.602.465	8.209.506	1.642.634	5.320.675
Egill Gunnarsson bústjóri.....	28.394	28.394	0	0
Larpet ehf.....	0	2.244.827	0	0
Lárus Pétursson, fyrrv. bústjóri.....	139.897	0	0	5.945.542
	<u>3.770.756</u>	<u>10.482.727</u>	<u>1.642.634</u>	<u>11.266.217</u>

Viðskipti við Landbúnaðarháskólann tengjast leigu á kennsluádstöðu, bókhaldsþjónustu o.fl.

Kostnaður og tekjur er varða Egil Gunnarsson eru einkum vegna hlutdeildar í GSM kostnaði erlendis.

Kostnaður og skuld við Lárus Pétursson og Larpet ehf. eru vegna vinnulauna frá fyrri árum. Um er að ræða skuldabréf til þriggja ára sem ber 2,8% óverðtryggða fasta vexti.

## Skýringar

---

### 15. Ábyrgðir og skuldbindingar

Engar skuldbindingar né ábyrgðir hvíla á félaginu utan efnahagsreiknings.

### 16. Rekstrarhæfi

Frá árslokum 2014 hefur stjórn félagsins unnið eftir aðgerðaráætlun sem miðar að því að búrekstur félagsins á Hvanneyri standi undir sér. Hagnaður félagsins hefur verið jákvæður undanfarin tvö ár. Rétt er þó að benda á að ójafnað tap 31.12.2016 er 36 millj. Byggt á ofangreindu er það mat stjórnenda að félagið sé rekstrarhæft.

## Skýringar

### Sundurliðanir

#### Seldar afurðir

	2016	2015
Mjólk.....	40.545.492	37.293.446
Beingreiðslur, mjólk.....	20.794.967	17.943.650
Gripagreiðslur.....	1.411.662	1.424.879
Gæðastýringargreiðslur.....	177.208	173.613
Nautgripir.....	4.456.604	8.248.783
Sauðfé.....	0	383.077
Beingreiðslur, sauðfé.....	1.973.658	2.171.012
Geymslugjald.....	4.763	601.240
Beingreiðslur ull.....	0	648.432
Heysala.....	3.742.354	7.373.922
	<u>73.106.708</u>	<u>76.262.054</u>

#### Fóður og áburður

	2016	2015
Fóður.....	10.724.755	18.658.341
Áburður og sáðvörur.....	4.084.928	4.445.479
Verktakakostnaður vegna heyöflunar.....	3.527.090	2.279.200
Heyfnagreiningar.....	33.000	175.562
	<u>18.369.773</u>	<u>25.558.582</u>

#### Laun og launatengd gjöld

	2016	2015
Laun.....	17.281.445	25.644.509
Akstur, bifreiðahlunnindi.....	0	179.800
Lífeyrissjóður.....	2.002.259	2.961.086
Tryggingagjald.....	1.365.427	2.156.032
Önnur sjóðagjöld.....	318.177	513.026
Annar starfsmannakostnaður.....	285.170	98.191
Leiðrétt launatengd gjöld v/ 2010-2014.....	(1.139.685)	0
	<u>20.112.793</u>	<u>31.552.644</u>

#### Annar framleiðslukostnaður

	2016	2015
Rafmagn og hiti.....	1.471.735	1.431.734
Viðhald.....	3.225.780	758.818
Rúlluplast og rúllunet.....	1.626.496	977.714
Fasteignagjöld.....	0	807.308
Vátryggingar.....	47.281	403.880
Rekstur búvéla.....	6.463.802	5.850.306
Smááhöld og rekstrarvörur.....	1.695.869	1.209.843
Búnaðargjald.....	831.005	812.349
Lyf og dýralæknakostnaður.....	1.245.914	749.080
Sæðingagjöld.....	557.542	547.845
Sláturkostnaður.....	58.102	47.584
Flutningur.....	3.496.190	1.823.354
Tækjaleiga.....	4.233.931	31.500
Önnur þjónusta.....	1.908.231	1.209.690
	<u>26.861.878</u>	<u>16.661.005</u>

#### Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2016	2015
Sími.....	200.963	194.338
Burðargjöld.....	14.470	27.609
Pappír, prentun og ritföng.....	137.666	56.808
Rekstur tölvukerfis.....	141.953	88.351
Aðkeypt bókhaldsþjónusta.....	1.433.212	1.779.567
Félagsgjöld.....	58.940	12.000
Útvarpsgjald.....	16.400	17.800
Annar kostnaður.....	(140.626)	43.235
	<u>3.270.746</u>	<u>2.219.708</u>